

- Ósýnilegt verður sýnilegt -
Ferðalag kúksins



Elliðaárstöð



Hreinsikerfi líkama og borgar



Líkaminn okkar hefur hreinsikerfi sem losar okkur við það sem við þörfnumst ekki. Nýrun og lifrin sjá um að hreinsa blóðið og húðin hjálpar okkur að svitna. Meltingin hjálpar líka. Þegar smáþarmarnir hafa náð næringunni úr matnum losum við okkur við það sem ekki er hægt að nýta - með því að kúka!

Borgin okkar þarf líka hreinsikerfi og það kallast fráveita. Fráveitan hjálpar til við að halda borginni hreinni og heilbrigðri – alveg eins og nýrun og lifrin hjálpa líkamanum.

Hvað gerir fráveitan?

Fráveitan tekur við öllu því sem fer í niðurföll og klósett á heimilum – eins og pissi, kúk og vatni úr vöskum og sturtum. Fráveitan tekur líka við regnvatni og öðru sem fer í niðurföllin úti á götu.

Skólpið, sem er allt þetta óhreina vatn, rennur af sjálfu sér frá heimili þínu að dælustöð. Þaðan er skólpinu dælt áfram og næsta stopp er hreinsistöð.

Settu upp fráveituglæraugun



Sérðu eitthvað sem minnir á fráveituna í kringum skólann þinn?

Sérðu niðurfall?

Brunnlok?

Dælustöð eða hreinsistöð?



Í hreinsistöðinni

Í hreinsistöðinni er rusl og drasl síað frá skólpinu. Því miður er oft mikið af rusli eins og blautþurrkum í skólpinu og það veldur vandræðum.

Í hreinsistöðinni eru tæki sem fjarlægja sand og fitu úr skólpinu.

Ruslinu, fitunni og sandinum er safnað saman í gáma sem eru fluttir með vörubílum. Ruslið og fitan eru brennd í sorpeyðingarstöð en sandurinn er grafinn í jörðina.

Þetta er bæði kostnaðarsamt og óumhverfisvænt og því væri best ef ekkert rusl og engin fita myndi berast í fráveitukerfið.



Þegar skólpið hefur verið hreinsað á þennan hátt rennur það eftir um fimm kílómetra langri lögn sem liggur á sjávarbotni. Úrgangurinn okkar verður að áburði í sjónum og jafnvel fæðu fyrir smáar lífverur.

Frá því augnabliki sem þú sturtar niður úr klósettinu heldur kúkurinn þinn af stað í 1-2 klukkutíma ævintýraferðalag í gegnum fráveitukerfið.



Heilabrot

Hvað myndi gerast ef fráveitan hætti að virka?



Ferðalag kúksins



„Af stað!“ kallaði Kúksi og skoppaði niður með skólpinu. Hann rann fyrst um vatnslásinn. „Eins gott að það var vatnslás á kósettinu! Annars væri nú aldeilis kúkafýla inni hjá þeim!“ hugsaði Kúksi þegar hann rann eftir lögnum sem lágu í gegnum húsið og undir götuna. „Hæ, Regn!“ hrópaði hann þegar hann hitti regndropa sem hann kannaðist við. Þau voru stödd í skólplögninni sem var undir götunni. „Eigum við að skella okkur í rússíbana?“ spurði Kúksi Regn. „Ójá“ sagði Regn sem var nýkomin í gegnum rist af götunni niður í fráveitukerfið.

Um leið og hún hafði sleppt orðinu runnu þau inn í dælustöð sem ýtti skólpinu áfram. Þau þeyttust í gegnum dælustöðina og út í lagnirnar og hægðu ekki á sér fyrr en þau voru komin í stóra hreinsistöð. „Baðdagur!“ hrópaði Kúksi sem var farinn að leysast upp.

Skólpið rann í gegnum síu sem sigtar í burtu rusl eins og blautpurkur, sand og fitu. Nú hafði Kúksi sameinast öllum kúkunum, pissinu og hinum í skólpinu. „Mikið er gaman að vera svona öll saman! Eigum við að skella okkur í sjósund“, sagði Kúksi við skólpfélagana.

Um leið og hann sagði þetta rann hann með hreinsaða skólpinu heila fimm kílómetra langa leið eftir lögnum sem liggja á hafsbotni.

Þegar komið var langt frá landi opnuðust lítil göt á lögnina og skólpið, þar á meðal kúkarnir litlu, seitraði í litlum dropum út í hafið.

Nú var Kúksi farinn að slaka á í öldunum. Hann dreifðist með hafstraumum og varð að næringu og áburði fyrir lífverur í sjónum. Kannski var það lítil ljósáta eða lítið krabbadýr sem át örðu úr Kúksa? Svo át kannski fiskur þau.

En hvað verður svo um fiskinn?

Hvað má fara í klósettið?

Leyfilegt

Piss,
kúkur,
klósettpappír,
blóð,
gubb
og hor




Bannað

Blautpurkur,
eyrnarpinnar,
dömubindi,
túrtappar,
smokkar,
matarleifar,
fita og hár

Allt sem ekki á heima í klósettinu getur stíflað lagnir og dælustöðvar. Þá þarf stundum að opna neyðarlokur og skólpið er sett beint í sjóinn án þess að grófhreinsa það. Það viljum við ekki gera og gerum aðeins í neyð.

Blágræn ofanvatnslausn



Blágræn lausn lætur regnið seitla í gegnum jörðina í stað þess að senda það í niðurfall og fráveitukerfið. Þetta minnkar álag á dælustöðvar og hreinsistöðvar og er betra fyrir náttúruna.



Allt tengist saman

Rétt eins og líffærakerfin í líkamanum vinna saman til að halda okkur hraustum, þá vinna veitukerfin saman til að við getum lifað heilsusamlegu lífi í borginni.

Fráveitan styður við vatnsvernd með því að fjarlægja skólþ úr borginni, og rafveitan gefur fráveitunni rafmagnið sem hún þarf, til dæmis til að dæla skólpinu. Fráveitan er eitt af hreinsikerfum borgarinnar. Hún heldur öllu hreinu og í lagi – alveg eins og hreinsikerfi líkamans.

Þegar við setjum einungis það sem má fara í klósettið og niðurföllin, þá hjálpum við fráveitunni að hjálpa okkur. Við verndum borgina okkar – og náttúruna.



Heilabrot

Hvað getur þú gert til að hjálpa fráveitunni?

Fræðsluefnið *Ósýnilegt verður sýnilegt* sýnir hvernig borgin okkar virkar á bak við tjöldin – frá dropnum í krananum, kúknunum í klósettinu og til ljósanna í stofunni.

Höfundur: Margrét Hugadóttir
Myndefni: Ninna Margrét Þórarinsdóttir
Útgefandi: Elliðaárstöð, 2025
Verkefnið var styrkt af Próunarsjóði námsgagna.

Ósýnilegt verður

